

1906, 20. október 1909, 7. maí 1914, 20. júlí og 15. október 1926, 7. október 1927, 11. október 1928, 2. október 1929, 28. október 1931, 15. janúar 1936, 4. apríl 1939, 12. ágúst 1941, 15. júlí 1943, 26. apríl 1944 og 30. nóvember 1946, né heldur bankavaxtabréf þau, sem gefin eru út samkvæmt þeim.

Reykjavík, 2. febrúar 1948.

STJÓRN LANDSBANKA ÍSLANDS

Jón G. Mariásson. Pétur Magnússon.

Framanrituð reglugerð staðfestist hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 5. febrúar 1948.

Emil Jónsson.

Pórhallur Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um fullgildingu alþjóðafjarskiptamálasamninga.

78

2. nóv.

Hinn 2. október 1947 voru eftirtaldir samningar undirritaðir fyrir Íslands hönd á alþjóðafjarskiptaráðstefnunni í Atlantic City:

1. Alþjóðafjarskiptasamningur ásamt þar að lútandi lokafundargerð.
2. Reglugerð um radio-viðskipti ásamt þar að lútandi lokafundargerð.

Fullgildingarskjal Íslands varðandi samninga þessa hefur nú verið afhent forstjóra Alþjóðafjarskiptamálastofnunarinnar og ganga samningarnir í gildi fyrir Ísland hinn 1. janúar 1949.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 2. nóvember 1948.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

AUGLÝSING

um viðskiptasamninga milli Íslands og Bretlands 1948.

79

5. nóv.

Á árinu 1948 hafa verið gerðir eftirfarandi samningar um viðskipti milli Íslands og Bretlands:

- A. Samningur um sölu á Faxasíld til Þýzkalands, undirskrifaður í London hinn 8. janúar 1948.
- B. 1. Almenn bókun um samningsumleitaniir, sem fram fóru í Reykjavík dagana 24. febrúar til 3. marz 1948, undirskrifuð í Reykjavík 20. apríl 1948.
- B. 2. Almenn bókun um sölu á íslenskum fiski og síldarlýsi til Þýzkalands, undirskrifuð í Reykjavík hinn 20. apríl 1948.

Á grundvelli þessara tveggja almennu bókana hafa eftirtaldir sérsamningar verið gerðir:

- 79
5. nóv.
1. Samningur um sildarmjöl af vetrarframleiðslu 1947—1948, undirskrifaður í Reykjavík hinn 23. marz 1948.
 2. Samningur um fisklandanir í Bretlandi yfir sumarmánuðina 1948, undirskrifaður í Reykjavík hinn 2. apríl 1948.
 3. Samningur um sildarmjöl af sumarframleiðslu 1948, undirskrifaður hinn 24. júní 1948.
 4. Samningur um sildarlýsi af vetrarframleiðslu 1947—1948 og sumarframleiðslu 1948, undirskrifaður í Reykjavík hinn 30. júní 1948.
 5. Samningur um sildarlýsi til Þýzkalands af vetrarframleiðslu 1947—1948, undirskrifaður í Reykjavík hinn 30. júní 1948.
 6. Samningur um fisklandanir í Bretlandi yfir vetrarmánuðina 1948—1949, undirskrifaður í Reykjavík hinn 31. ágúst 1948.
 7. Samningur um hraðfrystan fisk, undirskrifaður í Reykjavík hinn 31. ágúst 1948.
 8. Samningur um fisksölur til hernámssvæða Vesturveldanna í Þýzkalandi, undirskrifaður í Reykjavík hinn 23. september 1948 og í London 6. október 1948.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utarríkisráðuneytið, 5. nóvember 1948.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

80

5. nóv.

AUGLÝSING

varðandi samning um samræmda aðferð við skipamælingar.

Hinn 10. júní 1947 var í Osló undirritaður samningur um ofangreint efni af fulltrúum ríkisstjórnar Belgíu, Danmerkur, Finnlands, Frakklands, Hollands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Samningur þessi var fullgiltur af forseta Íslands hinn 23. september 1948 og gengur hann í gildi þegar fimm ríki hafa afhent fullgildingarskjöl sín.

Birtist hér með frumtexti sanningsins ásamt íslenskri þýðingu.

Samningur um samræmda aðferð við skipamælingar.

Með því að ríkisstjórnir Belgíu, Danmerkur, Finnlands, Frakklands, Hollands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

telja að ósamræmi í reglum um skipamælingar og framkvæmd slíkra reglna kunní að hafa í för með sér alvarleg óþægindi á þann hátt, að eigi sé hið sama látið gilda um öll skip, og valda óþægindum í framkvæmd og óþörfum kostnaði,

og með því að þær óska að færa sér í nyt það starf sem unnið hefur verið að árum saman í því skyni að jafna slíkt misræmi og koma á samræmdum reglum um mælingu skipa, byggðum á þeirri aðferð, er þorri siglingaþjóða notar,

Convention for a Uniform System of Tonnage Measurement of Ships.

The Governments of Belgium, Denmark, Finland, France, Iceland, the Netherlands, Norway and Sweden.

Considering that differences in the regulations for Tonnage Measurement of ships and in the application of such regulations may lead to serious inconveniences consisting in unequal treatment of the ships, and cause hindering formalities and unnecessary costs;

Desiring therefore to give practical effect to the preparatory work over a number of years, with a view to removing such differences, by establishing uniform regulations for Tonnage Measurement of ships based on the system applied by most maritime countries;